

## 1.20 Framboð á menningarviðburðum

### Ástæða fyrir vali á vísir

Fjölbreytt framboð menningarviðburða er nokkuð sem getur aukið lífsgæði íbúa verulega. Tækifæri til að njóta menningar getur orðið hvati þess að nýir íbúar tengist svæðinu og skiptir máli fyrir félagslega velferð bæði núverandi íbúa og þeirra sem flytja til Austurlands í kjölfar framkvæmda.

### Hvað er mælt?

a) Fjöldi menningarviðburða á ári (áhrif framkvæmda: afleidd)

### Áætlun um vöktun:

a) Upplýsingum verður safnað jafnóðum með talningu auglýstra viðburða í svæðisbundnum fjölmiðlum.

Vandi: Ónákvæm aðferð. Ekki er skilgreint hvað er „menningarviðburður.“ Margir viðburðir eru ekki auglýstir, t.d. ýmis vinna félagasamtaka o.fl. Svæðisfjölmiðlar ekki skilgreindir. Mjög flókið í framkvæmd. Hefur ekki verið framkvæmt.

### Innlegg í umræðu vinnuhóps:

- Er þessi vísir mikilvægur?
  - Af hverju?
- Er hann viðeigandi?
  - Ná ofangreindar mælingar og vöktunaráætlun að fanga upplýsingar um væntingar, áhyggjur eða óskastöðu sjálfbærnisins?
- Er hægt að gera betur?
  - Er hópurinn með tillögu eða hugmynd um framhald?